

Þingsályktun

um rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði.

Alþingi ályktar að rannsakaðir verði kostir sem vænlegir eru til nýmæla og þróunar atvinnumála í Öxarfjarðarhéraði með sérstöku tilliti til náttúruauðlinda héraðsins. Rannsóknin miði að því:

- að safna saman fyrirbyggjandi upplýsingum um náttúruauðlindir í héraðinu og greina þörf fyrir frekari rannsóknir,
- að greina vaxtarmöguleika atvinnulífsins í héraðinu,
- að gera sérstaka athugun á þróunarmöguleikum ferðaþjónustu í héraðinu og tengslum þessarar atvinnugreinar við uppbyggingu ferðaþjónustu í nágrannabyggðum,
- að kanna sérstaklega áætlanir um að veita Jökulsá á Fjöllum til Austurlands vegna virkjana og áhrif þessara vatnaflutninga á atvinnulíf í héraðinu og þróunarmöguleika þess.

Byggðastofnun verði falið að hafa umsjón með rannsóknarverkefningu í samráði við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og sveitarstjórnir Öxarfjarðarhrepps og Kelduneshrepps.

Samþykkt á Alþingi 7. maí 1994.